

Alþingi
Velferðarnefnd Alþingis
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. nóvember 2012
Tilvísun ÞÍ: 2012110259/0.2.0

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um jafnt búsetuform barna sem búa á tveimur heimilum, 152. mál.

Vísað er til erindis Velferðarnefndar Alþingis frá 29. október 2012, þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um jafnt búsetuform barna.

Þjóðskrá Íslands telur fulla ástæðu til þess að búsetuform barna verði skoðað sérstaklega og er skipun starfshóps árangursrík leið til þess að kanna nánar hvaða kostir eru færir til þess að ná þeim markmiðum sem að er stefnt. Þess má geta að stofnunin telur einnig löngu tímabært að endurskoðuð verði ákvæði laga um lögheimili nr. 21/1990 í heild sinni en íslenskt samfélag hefur tekið miklum breytingum síðan þau lög voru samþykkt.

Vakin er athygli á því að verði ákveðið að setja fram tillögur sem heimili börnum að hafa tvö lögheimili eða jafna búsetu hvernig sem henni yrði háttáð að ýmis vandkvæði geta verið framkvæmd slíks. Þjóðskrá Íslands annast almannaskráningu hér á landi skv. 1. gr. laga um þjóðskrá og almannaskráningu nr. 54/1962. Í þjóðskrá, þ.e. þeirri tölvufærðu skrá sem er miðlað, er haldið utan um grunnupplýsingar um einstaklinga. Aðrar upplýsingar eru af tæknilegum ástæðum ekki skráðar í núverandi þjóðskrárkerfi en eru hins vegar fyrirliggjandi í gögnum stofnunarinnar. Dæmi um upplýsingar sem ekki eru færðar í tölvukerfi þjóðskrár eru upplýsingar um forsjá og foreldra barna en þær eru tiltækar í gögnum stofnunarinnar. Af tæknilegum ástæðum er ekki mögulegt að bæta við skráningarsvæðum í þjóðskrá en slíkt væri nauðsynlegt ef ákveðið yrði að heimila börnum að hafa tvö lögheimili eða ef þess yrði krafist að einhverskonar jafnt búsetuform barna yrði sýnilegt með ákveðnum hætti í þjóðskrá. Stefnt er að endurskoðun á laga- og tækniumhverfi þjóðskrár og er hafin vinna við undirbúning þess verkefnis. Þó er ekki hægt að segja til um hvenær slíku verkefni lyki og þar með hvort mögulegt yrði að bregðast við þeim breytingum sem hugsanlega yrði mælt fyrir um í lagafrumvarpi um búsetuform barna.

Þjóðskrá Íslands fagnar ofangreindri þingsályktunartillögu og lýsir yfir vilja til þess að leggja starfshópnum lið eftir þörfum ef eftir því yrði leitað.

F.h. Þjóðskrár Íslands


Astríður Jóhannesdóttir
Lögfræðingur